

ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA

Úrskurður í máli nr. 5/2017

Forlagið ehf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I

Kröfur málsaðila

Með kæru dagsettri 26. apríl 2017 hefur Forlagið ehf. (hér eftir nefnt áfrýjandi), kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 12. apríl 2017 um afhendingu gagna sem liggja til grundvallar andmælaskjali í máli Samkeppniseftirlitsins nr. 1703018.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og áfrýjanda verði afhent umbeðin gögn, en til vara að lagt verði fyrir Samkeppniseftirlitið að taka á ný afstöðu til afhendingar hvers og eins gagns. Samkeppniseftirlitið krefst staðfestingar.

II

Málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu

Þann 24. mars 2017 var áfrýjanda birt andmælaskjal þar sem greint var frá frumniðurstöðu þess að hafna beiðni áfrýjanda um endurupptöku ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2008. Samkvæmt gagnaskrá var hluti gagna, sem liggja til grundvallar andmælaskjalinu, háður trúnaði gagnvart áfrýjanda. Þetta eru gögn númer 48-63, 65, 70, 74, 75, 80, 84, 86-97, 99, 100, 102-108 og 110-114 í gagnaskrá. Þá var í andmælaskjalinu felldar brott upplýsingar um ársveltu og hlutdeild þriðju aðila. Áfrýjandi óskaði eftir aðgangi að umræddum gögnum þann 3. apríl 2017.

Með ákvörðun frá 12. apríl 2017 féllst Samkeppniseftirlitið á að veita aðgang að hluta þeirra gagna sem áður höfðu verið talin trúnaðargögn en hafnaði að veita aðgang að

öðrum. Eins og málið er lagt upp við áfrýjunarnefndina er þar um að ræða gögn sem merkt eru á gagnaskrá með númerum 74-75, 80, 86-89, 100, 102 og 110.

III

Málsmeðferð hjá áfrýjunarnefndinni

Greinargerð Samkeppniseftirlitsins sem svar við kæru áfrýjenda barst 9. maí 2017. Athugasemdir áfrýjenda við greinargerðinni bárust áfrýjunarnefndinni 16. maí 2017 og svör Samkeppniseftirlitsins við þeim 24. maí s.á.

IV

Röksemdir málsaðila

1. Málsástæður og lagarök áfrýjanda

Áfrýjandi styður kröfu sína um afhendingu gagna við meginregluna um upplýsingarétt málsaðila, sbr. 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og 15. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Jafnframt byggir kærandi á meginreglu stjórnsluréttar um andmælarétt aðila máls skv. 13. gr. stjórnslulaga og rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga.

Áfrýjandi bendir á að forsenda lögvarins andmælaréttar sé að aðili máls fái aðgang að gögnum málsins til þess að kynna sér þau og taka afstöðu til þeirra. Þá séu ríkir rannsóknarhagsmunir fólgnir í því að aðilar máls geti tjáð sig um gögn og upplýsingar í málinu. Líkur á efnislega rangri niðurstöðu, m.a. vegna mögulegra brotalaða í rannsókn, aukast verulega ef aðili fái ekki notið andmælaréttar um ályktanir sem dregnar séu af þeim gögnum, sem möguleg stjórnvaldsákvörðun byggir á.

Áfrýjandi byggir jafnframt á því að andmæla- og upplýsingaréttur hans sé enn mikilvægari í málinu þar sem um sé að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun. Áfrýjanda sé mjög mikilvægt að fá aðgang að þeim gögnum sem um ræði til að meta stöðu sína á markaðnum og hvort að skilyrðum 24. gr. stjórnslulaga sé fullnægt þannig að unnt sé að endurupptaka fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2008.

Áfrýjandi bendir á að í hinni kærðu ákvörðun virðist gengið út frá því að þeir sem svari upplýsingabeidnum stjórnvaldsins eigi að njóta nafnleyndar án þess að þess hafi verið

krafast sérstaklega. Áfrýjandi telur ekki hægt að ganga út frá því sem almennri verklagsreglu að heimildarmenn Samkeppniseftirlitsins eigi að njóta nafnleyndar.

Áfrýjandi telur að 6. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins um nafnleynd þeirra aðila sem svara upplýsingabeiðnum eftirlitsins eigi ekki við í málinu. Í ákvæðinu segi að aðili, sem beini erindi til Samkeppniseftirlitsins geti óskað eftir því að nafni hans verði haldið leyndu. Hér sé ekki um að ræða erindi, þar sem kvartað hafi verið yfir háttsemi áfrýjanda heldur afluði Samkeppniseftirlitið umræddra upplýsinga á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 en þeim sem krafðir séu um upplýsingar beri að skila óháð því hvort að nafnleynd verði veitt eða ekki.

Samkeppniseftirlitið verði því að meta hvert tilvik m.a. í ljósi þess hvers efnis upplýsingarnar séu og stöðu viðkomandi heimildarmanna gagnvart áfrýjanda. Áfrýjandi telur að það stangist á við 17. gr. stjórnarsýslulaga að ganga út frá þeirri almennu verklagsreglu að heimildarmenn eigi að njóta nafnleyndar, enda sé þá ekki tekin afstaða til andstæðra hagsmuna líkt og ber að gera.

Áfrýjandi bendir á að hann hafi ekki fengið aðgang að svörum stærstu endursöluaðila (smásala) um umfang kaupa á bókatitlum frá heildsölum. Umrædd svör virðist lögð til grundvallar frumniðurstöðu um það hverjir séu helstu keppinautar áfrýjanda og um meinta markaðsráðandi stöðu hans. Svörin virðist þannig hafa ráðið miklu um þá frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að hafna endurupptökubeiðni, þar sem forsendur ákvörðunar nr. 8/2008 séu ekki „breyttar“ í skilningi 24. gr. stjórnarsýslulaga. Áfrýjandi telur því ljóst að afhending gagnanna sé forsenda þess að hann fái notið andmælaréttar og geti farið yfir upplýsingar sem liggja til grundvallar mati Samkeppniseftirlitsins um markaðsráðandi stöðu hans.

Áfrýjandi telur ekki rétt að undanskilja gögnin á grundvelli þess að um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sé að ræða. Upplýsingarnar séu um nafn bókaforlags, fjölda titla og samtölu innkaupsverðmætis frá hverjum og einum seljanda bóka og geta ekki talist viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, líkt og Samkeppniseftirlitið byggir á.

Á grundvelli þessara upplýsinga hafi Samkeppniseftirlitið takmarkað fjölda aðila sem teljast til hins skilgreinda markaðar eftir því hvort þeir selja fyrir 1 milljón króna eða meira til þessara skilgreindu endursöluaðila. Sé því um að ræða mikilvægar upplýsingar fyrir mat á markaðinum, en áfrýjanda sé nauðsynlegt að átta sig á forsendum þess að Samkeppniseftirlitið lagði umrætt veltulágmark til grundvallar.

Áfrýjandi bendir á að svör annarra bókaforlaga virðast hafa haft mikil áhrif á frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins varðandi endurupptöku ákvörðunar 8/2008 en eins og er hafi áfrýjandi engar forsendur til að gera athugasemdir við staðhæfingar þeirra. Til að svara þeim staðhæfingum skipti það áfrýjanda máli að geta svarað varðandi hvern og einn keppinaut, m.a. eftir því hver staða þeirra sé á markaðinum, hversu marga bókatitla þeir gefa út og með tilliti til eðlis starfsemi þeirrar. Áfrýjanda sé nauðsynlegt að meta hvort frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins um markaðsaðstæður á grundvelli svaranna sé forsvaranleg, í ljósi svara og svarhlutfalls.

Þá fellst áfrýjandi ekki á að trúnaður gildi um upplýsingar um veltu samkeppnisaðila á hinum skilgreinda markaði á liðnum árum. Þær upplýsingar sé að finna í fyrrgreindum svörum keppinauta en einnig í upplýsingum sem aflað hefur verið frá Ríkisskattstjóra. Ekki sé um að ræða upplýsingar um framtíðaráform á markaði, heldur upplýsingar um veltu í fortíðinni, sem kunna að vera opinberar. Áfrýjandi telur því að veiting upplýsinganna hafi ekki fyrirsjáanlega neikvæð áhrif á samkeppni og telur að hagsmunir af trúnaði séu þannig ekki mun ríkari en hagsmunir hans af því að fá aðgang að upplýsingunum.

2. Málsástæður og lagarök Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið telur að takmarka eigi aðgang áfrýjanda að upplýsingum um þá aðila, sem veittu svör við matskenndum spurningum nr. 2, 5, 6, 7 og 8 í gagnabeidni og jafnframt séu keppinautar áfrýjanda, á grundvelli 17. gr. stjórnarsýslulaga. Þá telur eftirlitið ekki forsendur til að birta eða nafngreina nánari sjónarmið sem heimildarmenn hafa eftir atvikum sett fram til viðbótar. Samkeppniseftirlitið bendir á að áfrýjanda hafi nú þegar verið gerð grein fyrir svörum heimildarmanna og að áfrýjandi hafi ekki þörf fyrir frekari upplýsingar. Það breyti engu um möguleika áfrýjanda til að njóta fullnægjandi andmælaréttar að hann geti rakið nákvæmlega hvernig hver og einn heimildarmaður svaraði.

Hvað varðar nánari sjónarmið um spurningarnar eða önnur sjónarmið sem sumir heimildarmenn veittu þá leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að þau séu ekki lögð til grundvallar í frummati eftirlitsins í andmælasjálínu. Ef til þess kemur að þessi sjónarmið eða önnur sem síðar kunna að vera sett fram af hálfu keppinauta áfrýjanda verða lögð til grundvallar niðurstöðu málsins munu þau eftir atvikum verða tekin saman eða endursögð og áfrýjanda þá veitt tækifæri á því að koma að sjónarmiðum sínum.

Þá telur Samkeppniseftirlitið einnig að umrædd svör við spurningum eftirlitsins (nr. 2, 5, 6, 7 og 8), og eftir atvikum, nánari sjónarmið aðila þar sem þeir séu nafngreindir fela í sér viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og eiga heimildarmenn að njóta nafnleyndar um það hvernig hver og einn þeirra svaraði og hvaða sjónarmið þeir mögulega hafa sett fram. Það sé því sérstaklega mikilvægt að áfrýjandi fái ekki aðgang að þessum svörum eða sjónarmiðum eða þau þannig sett fram að hann geti mögulega rakið eða fundið út úr því hvaða svör eða sjónarmið tiltekinn heimildarmaður eða keppinautur veitti.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í þessu máli sé ekki um það að ræða að aðilar hafi beint erindi til Samkeppniseftirlitsins og jafnframt óskað nafnleyndar sem heimilt sé að fallast á samkvæmt 6. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins. Sama hagsmunamat fari þó fram þegar það sé metið hvort aðilar sem senda erindi til eftirlitsins eigi rétt á að njóta nafnleyndar á grundvelli 6. gr. og í því tilviki sem um ræðir í þessu máli. Tilvísun til 6. gr. reglna eftirlitsins í hinni kærðu ákvörðun hafi því þýðingu sem og vísun til dómafordæma úr EES/ESB-samkeppnisrétti og orðsendingar Eftirlitsstofnunar EFTA.

Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að heimildin til að takmarka aðgang áfrýjanda að upplýsingunum sé óháð því hvort þær séu veittar á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga eða af fúsum og frjálsum vilja.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í hinni kærðu ákvörðun séu metnir hagsmunir áfrýjanda af því að kynna sér þau gögn sem um ræðir andspænis hagsmunum þeirra sem þar setja fram sjónarmið sín. Sé talin sýnileg hættu á að hagsmunir hinna síðarnefndu bíði umtalsvert tjón verði áfrýjanda veittur aðgangur að upplýsingunum. Þá sé einnig litið til þess að framsetning upplýsinganna í andmælaskjali takmarkar ekki með neinum hætti möguleika áfrýjanda til að nýta sér andmælarétt sinn.

Samkeppniseftirlitið telur að staða allra þeirra heimildarmanna sem veittu svör í þessu máli gagnvart áfrýjanda sé veik og vísast um það til gagna málsins. Áfrýjandi sé samkvæmt frummati eftirlitsins í andmælaskjalinu frá 24. mars 2017 markaðsráðandi á bókamarkaði og þá sé staða áfrýjanda sterk hvað varðar breidd í vöruúrvali. Allar vísbendingar séu því um að yfirburðir áfrýjanda séu miklir gagnvart öllum þeim heimildarmönnum sem veittu Samkeppniseftirlitinu svör í málinu og eftir atvikum nánari sjónarmið. Samkeppniseftirlitið telur að áfrýjandi sé í stöðu til að beita hefndaraðgerðum ef hann komist að því hvaða heimildarmenn hafa sett fram svör eða sjónarmið sem honum séu ekki þóknanleg.

Samkeppniseftirlitið bendir á að þær tekjuupplýsingar keppinauta sem áfrýjandi fer fram á að fá afhentar séu nýlegar upplýsingar um tekjur og sundurliðun á þeim. Séu þetta viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem eiga að njóta trúnaðar og séu undanþegnar upplýsingarétti með vísan til 17. gr. stjórnslulaga og 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Þá vísar Samkeppniseftirlitið til þess að þær upplýsingar sem Ríkisskattstjóri hefur lagt fram séu allt viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, þ.e. sundurliðaðar tekjuupplýsingar sem stafa frá útgefendum sem m.a. séu keppinautar áfrýjanda.

Að lokum bendir Samkeppniseftirlitið á að ef áfrýjanda yrði afhentar þær sundurliðanir á tekjuupplýsingum keppinauta sem hann óskar eftir væri brotinn trúnaður gagnvart þeim bókaútgefendum sem hafa afhent slíkar upplýsingar. Einnig væri brotinn trúnaður gagnvart umræddum endursöluaðilum bóka sem og Ríkisskattstjóra. Allir þessir aðilar hafa afhent Samkeppniseftirlitinu upplýsingarnar á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga og verða að geta treyst því að svo viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem þeir búa yfir og sé gert skylt að afhenda séu ekki birtar öðrum en þeim sem upplýsingarnar varða.

V

Niðurstaða

1

Þeirra gagna sem áfrýjandi krefst aðgangs að var aflað á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt henni er skylt að gefa Samkeppniseftirlitinu þær upplýsingar sem krafist er og nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Tekið er fram í 3. mgr. 19. gr. að öðrum stjórnvöldum sé skylt að afhenda gögn sem annars ríkti þagnarskylda um. Einnig hefur Samkeppniseftirlitið aðrar víðtækar gagnaöflunarheimildir, meðal annars með húsleit og haldlagningu gagna, svo og með því að leggja dagsektir eða sektir á þá sem ekki verða við beiðni um afhendingu gagna eða upplýsinga. Eins og fram kemur í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 4/2011 (Seðlabanki Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu) eru ríkir hagsmunir því samfara að þessi upplýsingaöflun gangi greiðlega fyrir sig og ákvæði 3. mgr. 19. gr. telst sérlagaákvæði andspænis öðrum þagnarskylduákvæðum sem stjórnvöldum er almennt ætlað að starfa eftir.

2

Af framangreindu leiðir að Samkeppniseftirlitið getur haft undir höndum upplýsingar og gögn sem annars myndu ríkja um trúnaðar- eða þagnarskylda að lögum. Eðli gagnanna breytist hins vegar ekki við það að Samkeppniseftirlitið fái þau í hendur og sömu sjónarmið gilda áfram að meginstefnu um lögbundinn trúnað eða rétt til aðgangs að gögnum.

Aðili máls á rétt að aðgangi að skjölum og gögnum á grundvelli 15. gr. stjórnisýslulaga. Segir í 5. mgr. 15. gr. að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita aðgang að gögnum.

Eins og tekið var fram í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 8/2013 (Samskip hf. gegn Samkeppniseftirlitinu) hefur 34. gr. samkeppnislaga, þar sem kveðið er á um þagnarskyldu starfsmanna Samkeppniseftirlitsins ekki sjálfstæða þýðingu í málum sem þessum en það ræðst af túlkun annarra réttarheimilda hvort upplýsingar skuli fara leynt.

3

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 72/2011 (Samkeppniseftirlitið gegn Valitor hf.) var staðfestur dómur héraðsdóms þar sem tekið er fram í forsendum að skýra beri 15. gr. stjórnisýslulaga þannig að aðili geti á hvaða stigi máls sem er krafist aðgangs að gögnum máls og að afhending svokallaðs andmælaskjals geti ekki komið í stað þeirrar skyldu sem hvíli á Samkeppniseftirlitinu til að verða við afhendingu gagna. Meta verði í hverju tilviki hvort 17. gr. stjórnisýslulaga veiti því stöð að synja afhendingu gagns og geti þá ekki skipt öllu máli hvort sá sem upplýsingarnar gaf hafi óskað eftir trúnaði, eða trúnaði jafnvel heitið.

Byggt var á því í dóminum að meta þyrfti hvort „raunveruleg ástæða“ væri til að ætla að viðkomandi heimildarmenn yrðu fyrir tjóni ef upplýst yrði um þá. Ekki væri unnt að byggja á almennri verklagsreglu þess efnis.

Taldi dómurinn að ekki hafi verið hugað nægjanlega að stöðu þeirra sem veittu upplýsingar gagnvart þeim sem til rannsóknar var og þá með hvaða hætti hann gæti brugðist við gagnvart þeim.

Í áðurnefndum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 8/2013 (Samskip hf. gegn Samkeppniseftirlitinu), sem féll eftir að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp, er vikið að dómafordæmum dómstóla Evrópusambandsins þar sem fallist hefur verið á að

grunaður aðili eigi ekki rétt á aðgangi að öðrum gögnum en þeim sem skipta máli við sönnun brots og ákvörðun viðurlaga. Þá sé heimilt að takmarka aðgang að gögnum sem trúnaði hefur verið heitið um enda séu þar í húfi „mikilvægir hagsmunir við að tryggja virkt eftirlit með samkeppnislagabrotum sem vegi þyngra en óljósir hagsmunir hins grunaða af því að fá upplýsingar um nöfn þeirra sem koma við sögu í öflun upplýsinga“. Byggt á áfrýjunarnefndin á þessum sjónarmiðum þegar fjallað var um rétt til aðgangs að gögnum í því máli og verður það einnig gert í þessu máli. Þetta þýðir m.a. að ákvæði 17. gr. stjórnarsýslulaga verður skýrt til samræmis við þessi sjónarmið, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

4

Áfrýjandi óskar í málinu í fyrsta lagi eftir upplýsingum um einstaka heimildamenn Samkeppniseftirlitsins, en eftirlitið hafði sent keppinautum fyrirspurnabréf sem snerust um stöðuna á markaði, hvernig litið væri á skilyrði þeirrar sáttar sem krafist er endurupptöku á í málinu o.fl. Byggir Samkeppniseftirlitið meðal annars á því að í svörum sínum hafi heimildarmenn veitt upplýsingar um sjálfa sig sem hljóti að teljast viðkvæmar eða lagt mat á matskennda þætti og tekið þannig afstöðu til erindis áfrýjanda. Er þar sérstaklega vísað til spurninga sem merktar eru nr. 2, 5, 6, 7 og 8 um hið síðarnefnda.

Samkeppniseftirlitið leggur til grundvallar að áfrýjandi hafi mjög sterka stöðu á markaði og keppinautarnir séu allir í mun veikari stöðu og yfirburðir séu því miklir. Telur eftirlitið áfrýjanda komast í stöðu til að beita hefndaraðgerðum komist hann að því að keppinautar hafi beitt sér gegn honum. Er einnig bent á að áfrýjandi hefur áður brotið gegn hegðunarskilyrðum samkvæmt þeirri sátt sem hann gekkst undir í ákvörðun nr. 8/2008 samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 28/2015 þar sem staðfest var ákvörðun um að leggja sekt á áfrýjanda vegna þess.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 12. apríl 2017 er tekin afstaða til þessa atriðis á þeim grunni að áfrýjandi kynni að grípa til hefndaraðgerða ef honum yrði ljóst hverjir legðust gegn því að skilyrðum sáttarinnar yrði aflétt og einnig er byggt á því að um sé að ræða viðskiptaupplýsingar sem leynt skuli fara

Áfrýjunarnefndin er sammála mati Samkeppniseftirlitsins að þessu leyti og tekur fram að ekki verður séð að neinir raunverulegir hagsmunir séu fólgnir í því fyrir áfrýjanda að fá vitneskju um það hvernig samkeppnisaðilar og viðskiptavinir hans hafi tjáð sig um erindi hans til Samkeppniseftirlitsins. Ekki verður séð að áfrýjandi geti á einhvern hátt

„leiðrétt“ afstöðu samkeppnisaðila eða að það breyti einhverju þótt hann lýsi sig ósammála þeim. Eru einnig fólgirnir í því mikilvægir hagsmunir fyrir framkvæmd samkeppnislaga að geta leitað eftir sjónarmiðum aðila á markaði án þess að öll þeirra svör og sjónarmið rati beint til þess sem til rannsóknar er.

Verður því að telja að ákvæði 17. gr. stjórnarsýslulaga um undanþágu fyrir hinum almenna upplýsingarétti eigi við um þau gögn sem eiga undir þennan lið eins og hún verður skýrð samkvæmt því sem fyrr er ritað.

5

Í annan stað snýst málið um sundurliðaðar upplýsingar um tiltekna tekju- eða rekstrarlega þætti sem varða keppinauta áfrýjanda. Í fyrsta lagi fellur þar undir sundurliðun á innkaupsverði bóka, í öðru lagi tekjuupplýsingar skipt eftir sölu til bókaverslana, sölu til stórmarkaða, eigin sölu til neytenda o.fl. Í þriðja lagi er um að ræða upplýsingar er fengnar voru frá Ríkisskattstjóra þar sem upplýsingar um veltu og rekstrartekjur eru sundurliðaðar samkvæmt rafrænum skattframtölum fyrirtækja.

Í ljósi efnis þessara gagna verður að fallast á það mat Samkeppniseftirlitsins að um sé að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Þetta eru ekki opinberar upplýsingar og ef þær yrðu gerðar aðgengilegar hefði áfrýjandi, einn aðila á markaði, fengið í hendur heildstætt yfirlit um starfsemi samkeppnisaðila sinna á markaði. Sundurliðanir úr rekstri af þessum toga eru skýrlega viðskiptaleyndarmál þeirra sem láta Samkeppniseftirlitinu þau í té. Ekki verður heldur séð að vörnum eða röksemdum áfrýjanda geti á nokkurn hátt orðið áfátt þótt hann fái þessar upplýsingar ekki í hendur.

Verður því að telja að ákvæði 17. gr. stjórnarsýslulaga um undanþágu fyrir hinum almenna upplýsingarétti eigi við um þau gögn sem eiga undir þennan lið eins og hún verður skýrð samkvæmt því sem fyrr er ritað.

6

Samkvæmt öllu framansögðu fellst áfrýjunarnefndin á mat Samkeppniseftirlitsins um að synja afhendingu þeirra gagna sem um getur í bréfi þess til áfrýjanda, dagsett 12. apríl 2017. Í þeirri ákvörðun var fallist á afhendingu ýmissa annarra gagna og er ekki tekin afstaða til þess mats.

Verður því aðal- og varakröfum áfrýjanda í þessu máli hafnað. Eins og kröfugerð áfrýjanda er sett fram er því staðfest synjun Samkeppniseftirlitsins á afhendingu gagna sem merkt eru á gagnaskrá 74-75, 80, 86-89, 100, 102 og 110.

Úrskurðarorð

Staðfest er ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 12. apríl 2017 um synjun á afhendingu gagna til áfrýjanda.

Reykjavík, 22. júní 2017.

Jóhannes Karl Sveinsson, formaður

Anna Kristín Traustadóttir

Stefán Már Stefánsson